Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið
Helena Stefánsdóttir

Reykjavík, 3. apríl 20225

*Tilvísun:202410081* / 3.2

## Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna breyttra landnotkunarheimilda við Hringbraut, Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið hefur, með erindi dags. 14. mars 2025, sent Skipulagsstofnun til athugunar tillögu að breytingu á aðalskipulagi samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Tillagan var samþykkt til auglýsingar í borgarráði 5. mars 2025.

Skipulagstillagan er sett fram í greinargerð dags. mars 2025.

Í breytingartillögunni felst að stærri hluti Hringbrautar njóti aðalgötuheimilda; þ.e. að afmarkaður hluti Hringbrautar, með húsnúmerin 22-34, austan Suðurgötu, njóti sömu landnotkunarheimilda og sambærilegar götuhliðar við Hringbraut, vestan Suðurgötu.

Með erindinu bárust umsagnir frá ýmsum aðilum. Stafræn gögn bárust ekki með tillögunni.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga þegar brugðist hefur verið við eftirfarandi atriðum:

- Óljóst er hvernig umsagnir t.a.m. Heilbrigðiseftirlits og Umhverfisstofnunar um lýsingu hafa nýst við frekari vinnslu tillögunnar eða hvernig tekið hefur verið mið af þeim.

### Stafrænt aðalskipulag

Minnt er á að þegar aðalskipulagsbreytingin verður lögð fram í Skipulagsgátt til staðfestingar þarf að skila inn aðalskipulagsgögnum á stafrænu formi auk hefðbundinna skipulagsgagna.

Berglind Sigurðardóttir

Borgartúni 7b | Sími 595 4100 | www.skipulag.is
IS-105 Reykjavík | Kennitala 590269 5149 | skipulag@skipulag.is

Rafræn skilríki

Skipulagsstofnun

**Berglind Sigurðardóttir**
Sérfræðingur, svið skipulags

Undirritað með OneSign